

Reykjavík 7. nóvember 2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þingskjal 155 — 155. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna því að nú sé lagt fram frumvarp til laga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmálann. Samtökin telja mjög mikilvægt að Barnasáttmálinn sé lögfestur á Íslandi og börnum þannig tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum með fullnægjandi hætti. Þá verði hægt að beita ákvæðum Barnasáttmálans fyrir íslenskum dómstólum sem settum lögum.

Barnaheill- Save the Children á Íslandi styðja einnig þær lagabreytingar sem tilgreindar eru í 4.gr. frumvarpsins.

Samtökin vilja þó leggja áherslu á mikilvægi þess að hið fyrsta verði komið á viðunandi úrræði fyrir börn sem brjóta af sér og þurfa vistun, sem kveðið er á um í 37. gr. sáttmálans.

Í *Lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005, með síðari breytingum* er gert ráð fyrir að eftirfarandi málsgrein bætist við: *Fangar sem eru undir 18 ára aldri skulu vistaðir á*

heimili á vegum barnaverndaryfirvalda, nema sérstakar ástæður séu til að vista þá í fangelsi.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja mjög brýnt að komið verði upp úrræði, þannig að aldrei þurfi að vista börn undir 18 ára aldri í fangelsi með fullorðnum einstaklingum. Vitað er að slíkt getur haft mjög slæm áhrif á börn og þeirra möguleika til að þroskast og ná bata.

Samtökin telja mjög mikilvægt að að í reglugerð sem ráðherra setur varðandi *Lög um um fullnustu refsinga, nr. 49/2005, með síðari breytingum* sé tilgreint hverjar hinar sértöku ástæður séu fyrir því að vista barn í fangelsi.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru og ekki skuli mismuna börnum vegna aðstæðna þeirra eða foreldra þeirra.

Virðingarfallst

f.h. Barnaheilla- Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla- Save the Children á Íslandi